

Þjóðarhöll í Laugardal

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 13. maí 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. um byggingu 20.000 m² Þjóðarhallar í Laugardal, Reykjavík, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þjóðarhöll í Laugardal. Matsskyldufyrirspurn. VSÓ ráðgjöf, FSRE og Reykjavík. Maí 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg dags. 5. júní 2024
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar dags. 14. júní 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 10. júlí 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. júní 2024

Umhverfisstofnun veitti ekki umsögn.

Frekari upplýsingar bárust frá Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. 13. ágúst 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu Þjóðarhallar í Laugardal en um er að ræða fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði. Þjóðarhöllin mun uppfylla kröfur alþjóðlegra íþróttasambanda um aðbúnað fyrir alþjóðlega kappleiki innanhúss. Gert er ráð fyrir að hún rúmi allt að 8.600 manns í sæti og allt að 12.000 manns á viðburðum. Hönnun liggur ekki fyrir en samkeppnisútbod er í gangi um hönnunina. Hámarks byggingarmagn er 20.000 m² og hámarkshæð frá aðalgólfi Laugardalshallar 21,0 m. Höllin verður staðsett milli Laugardalshallar og Suðurlandsbrautar (Mynd 1). Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist sumarið 2025 og ljúki árið 2027.



Mynd 1. Afmarkaður byggingarreitur fyrir Þjóðarhöll á deiliskipulagsupprætti (mynd úr greinargerð).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. kemur fram að umhverfið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé manngert og í nágrenni séu ýmsar byggingar, m.a. Laugardalshöll með fjölda bílastæða en höllin er áberandi kennileiti á svæðinu. Fram kemur að í umsögnum Minjastofnunar Íslands frá júlí 2023 og Borgarsögusafns Reykjavíkur, frá júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi fyrir svæðið hafi verið bent á mikilvægi Laugardalshallar í íslenskri byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og að mikilvægt sé að í skilmálum fyrir deiliskipulag komi fram að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar skuli tekið tillit til ásyndar Laugardalshallar. Meginsérkenni byggingarinnar sé hið einkennandi steinsteypta hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs og mikilvægt að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi. Fram kemur að Reykjavíkurborg hafi í kjölfar þessara umsagna og húsakönnunar ákveðið að setja hverfisvernd á Laugardalshöll í deiliskipulagi. Við hönnun Þjóðarhallar verði lögð áhersla á að hún falli sem best að nánasta umhverfi og byggingum. Samráð verði haft við Borgarsögusafnið þegar hönnunin er komin lengra á veg. Þjóðarhöllin komi til með að vera áberandi á svæðinu en breyti ekki helstu einkennum landslags og ásyndar á svæðinu. Áhrifin séu staðbundin og með hverfisvernd Laugardalshallarinnar sé stuðlað að því að viðhalda sérkennum svæðisins. Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. meta áhrif á landslag og ásynd óveruleg.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. kemur fram að fyrir liggi fornleifaskráning og húsakönnun fyrir svæðið. Húsakönnunin hafi verið unnin 2024 þar sem saga og einkenni byggðar í Laugardalnum sé rakin og lagt mat á varðveislugildi húsa og heilda. Í fornleifaskráningu kemur fram að engar friðlýstar fornleifar séu innan deiliskipulagssvæðis en innan deiliskipulagssvæðisins séu þrjár minjastaðir skráðir undir jörðina Laugarnes. Minjarnar tilheyra fyrstu byggð erfðafestubýla á svæðinu; Þvottalaugablettum í Laugamýri og býlunum Múla og Laugabrekku. Mannvirki séu nú þegar á stærstum hluta deiliskipulagssvæðisins og engin merki um minjar á yfirborði. Fornleifar geti þó leynst í jörðu eins og við Múla og Laugabrekku sem geti komið í ljós við jarðrask. Þær minjar sem



séu einkum í hættu vegna framkvæmdarinnar séu Múli og Múlavegur, en framkvæmdir komi til með að raska svæðinu þar sem Múli var staðsettur og nálægt Múlavegi. Í fornleifaskráningu kemur fram að engin fornleifarannsókn hafi farið fram á svæðinu og leita skuli til Minjastofnunar Íslands ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á umræddum reit vegna áætlaðra minja í jörðu. Framkvæmdaraðilar munu vera í samskiptum við Minjastofnun Íslands og leita leyfis til stofnunarinnar sbr. lög um um menningarminjar. Farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun setji skilyrði um. Ef fram komi áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laganna, verði framkvæmd stöðvuð og haft samband við stofnunina. Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. telja að framkvæmdin sé líkleg til að raska staðbundið minjum sem séu horfnar að mestu af yfirborði og meta áhrif á fornleifar óveruleg til neikvæð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að þar sem framkvæmdin er talin líkleg til að raska minjum sem horfnar eru að mestu af yfirborði er hún háð leyfi Minjastofnunar Íslands skv. fyrrnefndum lögum og að fara þurfi í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun setur skilyrði um.

Áhrif á landnotkun og samgöngur

Í greinargerð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. kemur fram að landnotkun á framkvæmdasvæðinu sé skilgreind sem samfélagsþjónusta í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Staðsetning Þjóðarhallar verði sunnan Laugardalshallar upp að Suðurlandsbraut en ekki sé gert ráð fyrir raski á núverandi göngu- og hjólastíg norðan Suðurlandsbrautar. Í nýunninni deiliskipulagsbreytingu komi fram að ekki megi hindra eðlilegt flæði gangandi og hjólandi inn í Laugardal. Háspennustrengur liggir í norðurkanti hjóla- og göngustígs sunnan Laugardalshallar. Ekki liggir fyrir hvort færa þurfi strenginn en verði þess þörf verður það gert í samráði við Veitur.

Fram kemur að byggingarreitur Þjóðarhallar fari yfir 140 bílastæði aftan við Laugardalshöll (Mynd 1) og að ekki sé gert ráð fyrir að útbúa ný bílastæði í stað þeirra. Það falli að stefnumörkun um að draga úr bílaumferð í Laugardal og leggja auknar áherslur á vistvæna samgöngumáta. Fyrirhuguð sé borgarlínustöð á Suðurlandsbraut sem muni gegna lykilhlutverki í að flytja fólk til og frá íþrótt- og útivistarsvæði í Laugardal. Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. meta áhrif á landnotkun og samgöngur óveruleg. Gangi breytingar á ferðavenjum ekki eftir kunni að skapast tímabundið aukið álag á bílastæði í nágrenni Laugardalsins.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að umtalsverðar líkur séu á að fækkun bílastæða í nærumhverfi Þjóðarhallar muni valda álagi í nærliggjandi íbúðargötum. Nú þegar sé álag á svæðinu við stærri viðburði þrátt fyrir fjölda bílastæða í dalnum. Þó svo að markmið náist varðandi aukna hlutdeild vistvænni fararmáta sé líklegt að tímabundin vandamál skapist þegar viðburðir verða.

Áhrif á hljóðvist

Í greinargerð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. kemur fram að búast megi við ónæði vegna hávaða á framkvæmdatíma. Framkvæmdir verði unnar í samræmi við reglugerð um hávaða en þar komi m.a. fram að við framkvæmdir skuli þess sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða og að háværar framkvæmdir skuli kynntar fyrir íbúum nærliggjandi svæða með sannarlegum hætti áður en framkvæmdir hefjist. Framkvæmdatími er áætlaður 2 ár. Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. meta áhrif á hljóðvist óveruleg til neikvæð.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og unnið er að deiliskipulagsbreytingu.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Reykjavíkurborgar sbr. skipulagslög, lög um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf leyfi Minjastofnunar Íslands vegna mögulegs rasks á fornleifum samkvæmt lögum um menningarminjar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu 20.000 m² Þjóðarhallar í Laugardal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar eða vegna fornleifa. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð Þjóðarhöll verður fremur umfangsmikið mannvirki og viðbúið að hún verði áberandi þáttur í landslaginu þó svo að fyrir séu stór íþróttamannvirki á svæðinu. Vegna umfangs mannvirkisins telur Skipulagsstofnun mikilvægt að öll hönnun miðist við að fella mannvirkið sem best að nánasta umhverfi og byggingum, líkt og Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. áforma. Gangi það eftir ættu sjónræn áhrif ekki að verða umtalsverð. Þar sem framkvæmdin er talin líkleg til að raska minjum sem eru að mestu horfnar af yfirborði er mikilvægt að haft verði samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að miklu leyti mangert og þar finnast engar náttúruminjar. Framkvæmdin kemur því ekki til með að raska vistgerðum eða jarðmyndunum sem njóta verndar eða hafa hátt verndargildi. Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir ónæði vegna hávaða í nágrenni framkvæmdasvæðisins og því mikilvægt að framkvæmdir verði unnar í samræmi við reglugerð um hávaða. Óvissa er um hvort að aukin notkun almenningsgangna gangi eftir og því kann fækkun bílastæða að leiða til aukins álags á nálæg bílastæði þegar stórvíðburðir eru í Laugardal. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að Reykjavíkurborg bregðist við með aðgerðum ef í ljós kemur að álag verði ekki ásættanlegt fyrir íbúa í nærliggjandi hverfum.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. september 2024.

Reykjavík, 27. ágúst 2024,

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

